

1 **Afstöðumynd/Lóð**
1 : 1000



Yfirlitsmynd

BYGGINGARLÝSING
Hlíðarhólsbraut 17.
LANDNÚMER- L
STAÐGREINIR

a. Almennt
Hönnun er í samræmi við gildandi skilmála deiliskipulags Öndverðanesi í Grímsnesi, Kambshverfi Hlíðarhólsbraut samþykkt 16.06.2014.
.

b. Notkun:
Byggingin er einnar hæðar frístundarhús.

c.Helstu stærðir (sjá nánar stærðaryfirlit í meðfylgjandi skráningartöflu)

Byggingarhlutar:	brúttó m²	brúttó m³
Mhl01		
1 hæð frístundahús	149,5 m²	418,560 m³
samtals	**149,5m²**	**418,560 m³**

d.Stærð lóðar, nýtingarhlutfall og bílastæði:
Lóðarstærð: = 5.000 m²
Nýtingahlutfall:0,0299
Bílastæði á lóð:3 stæði

e. Burðarvirki –
Húsið er grundað á frostfrýrri fyllingu. Sökklar og botnplata eru staðsteypt, einangruð með 100mm plasteinangrun. Berandi innveggir eru timburveggir. Útveggir og þak verða byggð úr timbri. Þakvirki verður úr timbursperrum 45x245mm c/c 400-600mm sem sitja á útveggjum, límtrésbita í lofti og berandi innveggjum. Grind útveggja sé 45x145mm timburgrind stífuð af með 9mm krossvið. Þaksperrur verða klæddar með þakkrossvið, vatnsheldum öndunardúk lektum og ábræddum þakpappa.
f. Utanhússfrágangur og litaval:
Útveggir.
Útveggir eru timburgrind 45x145mm klædd með krossvið til afstífingar, að utan er útveggur klæddur með loftræstri liggjandi timburklæðningu. Að innan er útveggur klæddur með rakavörn, lagnagrind og klæðningu amk í flokki 2. Einangrun útveggja er steinull 150mm.
Litir:
Timburklæðning að utan er í viðarlit.
Gluggar og útihurðir eru dökkgrá.
Þak.
Þak verður verður loftað timburþak með 1:40 þakhalla og klætt með ábrættum þappa á borðaklæðningu/þakkrossvið, þak er byggt upp með berandi þaksperrum 45x245mm Einangrun verður 220mm steinullareinangrun. Þak verður loftað í gegnum öndunardúk og lektur undir þakklæðingu.
Gluggar og hurðir
Nýir gluggar, útihurðar og svalahurðir íbúða eru ál-timbur, með máluðu timbri að innan. Allir gluggar og hurðir eru verksmiðjuframleidd með slitinni kuldabrú frá viðurkenndum framleiðanda. Gler er tvöfalt glært einangrunargler.
Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi, hljóðkröfur sbr. greinargerð hljóðhönnuðar og vera vottaðir af NMÍ. Gler í gluggum og hurðum í útveggjum verða í samræmi við leiðbeiningarblöð NMÍ rb(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á. Öryggigler sé í inngangshurðum og svalahurðum og gólfsíðum gluggum.
Allar inngangs- og sameignarhurðir skulu uppfylla kröfu um hindrunarlaust umferðarmál bxh amk. 0,83x2,07m og allar svala- og garðhurðir og hurðir innanhúss amk. 0,8x2,0m.
h. Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:
Einangrun nýbyggingarhluta er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr.112.

U-gildi Byggingarhluta	**W/m²K**	**ein.þykkt**	**gerð**
Útveggir léttir	0,30	145mm	Steinull
Þak	0,20	220mm	Steinull
Gluggar	1,20		
Hurðir	2,00		
Gólf á fyllingu	0,30		
Útveggir-vegið meðaltal (veggir gluggar/hurðir) hámark	0,85		

i. Innanhússfrágangur:
Innveggir:
Innveggir eru léttir blikkgrindarveggi/timburveggir, veggir eru klæddir með klæðningu í amk flokki 2.
Innveggir votrýma gerð þeirra fylgi leiðbeiningum NMI um frágang í votrýmum.
Útveggir
Útveggir eru timburgrind 45x145mm c/c 600. Klæddir með krossvið til stífingar, einangraðir með 145mm steinull, rakavörn að innan er 0,20mm þolplast, lagnagrind 45x45mm c/c 400mm og klæddir með klæðningu í amk flokki 2 að innanverðu. Að utan eru veggir klæddir með láréttri loftaðri timburklæðningu.
Þakfrágangur:
Þaksperrur eru klæddar að neðan með þolplasti 0,20mm sem rakavörn. Neðar á rakavörn kemur lagnagrind 45x45mm c/c 400mm og neðst er klætt með viðarklæðningu í amk flokki 2.
Innihurðir:
Innihurðir innan íbúðar eru hefðbundnar timburhurðir.
Allar innihurðir skulu uppfylla kröfur um aðgengi sbr. algilda hönnun þar sem því verður við komið.
Gólfefni:
Almennt eru gólf íbúða lögð harðplastparketi og böð eru flísalögð.
j. Lagnir -
Öll inntök eru staðsett í inntaksrými í þvottahúsi/geymslu. Varmaskiptir fyrir neysluvatnslagnir verður staðsettur við inntök og tryggir að heitt vatn fari ekki yfir 60°.
Húsið verður upphitað með gólfhita rör verða steypt í gólfplötu. Hitalagnir einangrist á hefðbundinn hátt.
Neysluvatnslagnir verða lagðar í rör í rör kerfi. Niðurföll verða í öllum votrýmum.
Frárennsli, skolp frá húsi er leitt í sameiginlega rotþró svæðisins, rotþró skal uppfylla kröfur sveitarfélags og heilbrigðiseftirlits. Regnvatn af þaki er leitt í púkk á lóðinni.
Loftræsing verður um opnaleg fög. Heitur pottur á verönd sé með læsanlegu loki í 0,40m hæð frá palli .
k. Rafkerfi
Hönnunarforsendur eru samkvæmt staðlinum ÍST 22:2006. Um er að ræða hefðbundið raflagnakerfi þ.e. huldar lagnir lagðar í í lagnagrind í timbur útveggjum og loftum. Rofar og tenglar verða innfelldir 10 -16A.
Ljósum verður almennt staðsýrt í herbergjum.
Heimtaug
Reiknað er með einni heimtaug sem kemur í aðaltöflu í þvottahúsi/geymslu.
Töflur - lagnaleiðir
Aðaltafla er í inntaksrými í þvottahúsi/geymslu.

l. BRUNAVARNIR
Brunamótstaða allra aðalburðarvirkja (veggja og þaks) er a.m.k EI30.
Í svefnherbergjum eru björgunarop stærð þeirra er samkvæmt byggingareglugerð og er sýnd á útliti.
Í frístundarhús skal setja staka reykskynjara með hljóðgjafa í samræmi við grein 9.4.3 í byggingarreglugerð 112/2012. Miða skal við að setja a.m.k. einn skynjara fyrir hverja 80 m2/ og þannig að hljóðstyrkur í hverju herbergi sé ekki undir 75 dB(A).
Setja skal slökkvitæki og reykskynjara upp þar sem sýnt er á teikningu og flóttaleiðir eru í gegnum merkt björgunarop og rýmingarleiðir. Slökkvitækin skulu til dæmis vera 6kg léttvatnstæki. Slökkvitækin skulu vera í samræmi við ákvæði í gr. 9.4.4. í byggingareglugerð. Reyklosun út úr rýmum hússins er almennt í gegnum dyr og glugga á byggingunni.
Eldstæði í stofu er hitaeinangrað á þeim flötum sem ætla má að hætta geti stafað af ef þeir eru snertir, eldstæðið er tengt við reykháf sem er aðgengilegur og tryggt er nægjanlegt afstreymi fersks lofts vegna bruna. Reykrör er úr ryðfríu stáli, einangrað niður að eldstæði með brunaeinangrun. Utan um einangrunina er hlífðarkápa úr ryðfríu stáli.
Eldstæði og reykháfur skulu uppfylla viðeigandi kröfur í byggingarreglugerð og reglugerð um eldvarnir, sbr. greinar 9.6.5 og 9.6.6.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma fyrir slökkvilið er frá Hðarhólsbraut. Brunavarnir eru frá Brunvörnum Árnessýslu.
Eigið eldvarnareftirlit og viðbragðsáætlun
Um eigið eftirlit eiganda með eldvörnum hússins gildir reglugerð 723/2017.
p. Aðgengi og algild hönnun:
Ekki eru gerðar kröfur um algilda hönnun en leitast verður við að aðgengi og fyrirkomulag húss og lóðar eru eins og hægt er að koma við hönnuð sbr. kröfur um algilda hönnun. Hæðarmunur við inngangshurðir og innri hurðir með þröskulda skal vera mest 25mm. Hurðir innanhúss skulu almennt vera án þröskulda.
q. Frágangur lóðar -
Lóð næst frístundarhúsi er timburpallur, en að öðruleyti er lóðin með náttúrulegum gróðri sem er á lóðinni. Bílastæði og göngustígur að húsi er lagt rauðaföl.

r. Meðhöndlun úrgangs:
Eigandi sér um sorphirðu gámar eru í landi Öndverðanes.

Blaðstærð A2 420x594mm

Ekki skal mæla af teikningu, aðeins málsettar stærðir eru í gildi.Framkvæmdaraðili skal sannreyna öll mál á verkstað.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
02. sep. 2020
Byggingarfulltrúi

20202181

Breyting	Dags	Unnið

Aðaluppdráttur

Verk	Hlíðarhólsbraut 17
Verkkaupi	
Heiti	Afstaða, byggingarlýsing
Mkv.	1:1000
Dags	17.08.2020
Hannað	rkl/lr
Teiknað	rkl
Yfirfarið	lr

Ártún ehf
540389-1019
Lárus Ragnarsson Byggingafræðingur BFÍ
220160-3439
Bröndukvísl 6 110 Reykjavík
s 8216023 larusr@ark.is
Hönnunarstjóri 220160-3439

Verknr.
13-20 100